



Þróun virðisaukaskatts og vörugjalda á gosdrykkjum, sælgæti og öðrum matvælum.

<i>Virðisaukaskattur</i>						
	1.1.1994	1.3.2007 ¹	1.9.2009	1.1.2010	1.3.2013	1.1.2015 ⁴
Gosdrykkir	24,5%	7%	E.b.	E.b.	E.b.	11%
Sælgæti	24,5%	7%	E.b.	E.b.	E.b.	11%
Aðrar matvörur	14%	7%	E.b.	E.b.	E.b.	11%
Aðrar vörur	24,5%	E.b.	E.b.	25,5%	E.b.	24%
<i>Vörugjöld</i>						
	1.1.1994	1.3.2007 ¹	1.9.2009 ²	1.1.2010	1.3.2013 ³	1.1.2015 ⁴
Gosdrykkir	8 kr/L	Felld niður ¹ 0 kr/L	16 kr/L	E.b.	21 kr / L	0
Sykur	30 kr/kg	E.b.	60 kr/kg	E.b.	Lögð á vörugjöld út frá sykursmagni – 210 kr per kg af sykri ³	0
Súkkulaðivörur	40-50 kr/Kg	E.b.	100 kr/kg	E.b.	Lögð á vörugjöld út frá sykri – 210 kr per kg af sykri ³	0
Aðrar vörur – mismunand vörugjöld, t.d. Kaffi Kakó Niðursoðnir ávextir Rjómaís	 35 kr/kg 50 kr/kg 10 kr/kg 8 kr/L	Felld niður ¹ 0 kr/kg 0 kr/kg 0 kr/kg 0 kr/L	Vantar upplýsingar 70 kr/kg 130 kr/kg 24 kr/kg 16 kr/L	E.b.	Lögð á vörugjöld út frá sykri – 210 kr per kg af sykri ³	0

E.b.= Engin breyting

Þróunin frá árinu 2007

1. Árið 2007 voru gosdrykkir og sykraðir svaladrykkir ekki undanskyldir niðurfellingu vörugjalds, líkt og önnur sætindi. Niðurstaðan var því sú að þessir drykkir voru meðal þeirra matvara sem lækkuðu hlutfallslega mest þegar bæði kom til lækkun á virðisaukaskatti úr 24,5% í 7% og niðurfelling á vörugjaldi sem var 8 kr/L. Samkvæmt upplýsingum úr greinargerð um verðþróun á matvælum og veitingum í tengslum við aðgerðir ríkisstjórnarinnar frá árinu 2008 er ljóst að afnám vörugjalda skilaði sér ekki að fullu til neytenda. Hins vegar leiddu þær til nokkurrar raunlækkunar á gosdrykkjum og sætindum og hækkunar á hollum vörum líkt og ávöxtum og fiski.

2. Í september 2009 voru lögð á vörugjöld á sykraðar- og fleiri vörur, sú aðgerð var því almenns eðlis frekar en að heilsusjónarmið lægju til grundvallar.

3. Þegar breytingar voru gerðar á vörugjöldum árið 2013 hækkðu vörugjöld á sykri úr 60 í 210 kr./kg en vörugjöld á öðrum vörum sem innihéldu sykur tóku mið af hlutfalli viðbættis sykurs og sætuefna í viðkomandi vöru. Þetta leiddi til þess að afnumið var vörugjald af kolsýrðu vatni og var það jákvætt skref. Hins vegar hækkðu vörugjöld á gosdrykkjum einungis lítillega, eða um 5 krónur á lítra eða 2,5 krónur á hálfan lítra, en vörugjald á súkkulaði lækkaði um 16 krónur á kíló, einnig á ýmsu öðru sælgæti og kexi. Þessar breytingar þóttu því ekki líklegar til að hafa mikil áhrif til að draga úr neyslu á gosdrykkjum en gætu aukið neyslu á sælgæti. Þetta eru þær vöruhegundir sem vega hvað þyngst í sykurneyslu landsmanna eða yfir 50% af sykurneyslu fullorðinna samkvæmt niðurstöðum landskönnunar á mataræði 2010-11 og enn hærra hjá unglingum. Ekki er hægt að segja að sú leið sem valin var tæki nægjanlega mið af mannelidissjónarmiðum. Hækka hefði þurft vörugjöld á sykri talsvert meira en gert var til þess að það skilaði verðhækkun sem einhverju nemur á þeim vörum sem vega þyngst í sykurneyslu landsmanna en árangursríkara væri að hækka vörugjöld beint á á gosdrykki og sælgæti ef ætlunin væri að draga úr sykurneyslu landsmanna. Önnur leið sem væri hægt að fara er að færa gosdrykki og sælgæti í efra virðisaukaþrepið.

4. Megin breytingin var sú að virðisaukaskattur á matvæli hækkaði úr 7% í 11% en efra þrepið (aðrar vörur) lækkaði úr 25,5% í 24%. Jafnframt voru vörugjöld, þar með talin þau sem lögðust á sykruð matvæli, afnumin. Tveggja lítra kókflaska lækkaði við þessar aðgerðir um tæplega 14% samkvæmt vef Hagstofunnar. Álögur á hollustuvörur á borð við ávexti og grænmeti hækkðu. Hvað sælgæti varðar voru áhrifin mismunandi þar sem vörugjöldin sem voru á fóru eftir sykurrinnihaldi.

Reykjavík, janúar 2017

Elva Gísladóttir
Hólmfríður Þorgeirsdóttir
Verkefnisstjórar næringar

